

REGLUGERÐ

um gestagjöld á Þingvöllum.

1. gr.

Þingvallanefnd er heimilt að taka eftirtalin gjöld:

- a. Fyrir tjaldstæði sem hér segir:
 1. Af einstaklingi á aldrinum 16 til 66 ára kr. 500 fyrir hverja nótt.
 2. Af einstaklingi á aldrinum 67 ára og eldri kr. 250 fyrir hverja nótt.
- b. Fyrir köfun kr. 1.000 á mann fyrir hvern dag eða kr. 5.000 á mann fyrir eitt ár.
- c. Fyrir veiðileyfi samkvæmt samþykktum veiðifélags Þingvallavatns.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga um friðun Þingvalla, nr. 59/1928, til að öðlast gildi við birtingu. Um leið er úr gildi felld reglugerð nr. 255 26. apríl 1995, með sama nafni.

Forsætisráðuneytinu, 31. maí 1996.

Davíð Oddsson.

Kristján Andri Stefánsson.

Nr. 301

23. maí 1996

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Stykkishólms hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. maí 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005 frá 22. apríl 1988, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að hluti iðnaðarsvæðis verður íbúðarlóð.

Bæjarstjórn Stykkishólms hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 23. maí 1996.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.